

## **Kennsluáætlun í íslensku - 1.bekkur**

**2024-2025**

**Waldorfskólinn Sólstafir**

**Kennari: Guðbrandur Bragason**

Kennsla í íslensku fer fram í þremur lotum á haustönn og tveimur lotum á vorönn. (sjá lotur á stundaskrá 1. bekkjar) Einnig er ein kennslustund í íslensku í viku hverri.

### **Kennsluáðferðir:**

Stafainnlögn: hver stafur er kynntur til sögunnar með teikningu á töflu og sögu / ævintýri.

Nemendur teikna stafinn fyrst í loftinu eða búa hann til með líkamanum og skrá hann að lokum í vinnubækur. Við vinnum líka fjölbreytt verkefni tengd stöfunum í gegnum leik og skapandi vinnu.

Einnig verða lesnar sögur og ævintýri. Samhliða munum við ræða um efni og innihald, boðskap og fágæt orð. Aðrar kennsluáðferðir eru söngur, myndskreytingar, skrift o.fl.

### **Markmið:**

Að nemendur

- kynnist stöfunum og hljóðum þeirra
- geti hlustað með athygli á frásagnir, rifjað upp og greint frá upplifun sinni
- tengi saman ævintýri, hluti og fyrirbæri í huga sér við einstaka stafi
- æfa sig í að teikna upp stafina og myndheim sagnanna
- æfi sig í að skrifa einfaldar setningar eftir forskrift kennara
- tileinki sér metnað fyrir því að að búa til vandaða vinnubók
- auki við orðaforða sinn og skilning
- læri söngva og vísur

### **Viðfangsefni:**

Þjóðsögur, ævintýri og sögur um bókstafina.

Vísnaðækur og spil.

### **Námsmat:**

Virkni og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Orðaforði og skilningur á íslensku máli.

Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: [waldorf.is](http://waldorf.is)